

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Akureyri, 16. desember 2019  
Tilvísun: 1912012 /00.08.00

**Efni: Umsögn Ferðamálastofu um tvær þingsályktunartillögur um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020–2024, 434. mál og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020 – 2034, 435. mál**

Vísað er í erindi nefndarsviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 8. desember sl. þar sem óskað var umsagnar Ferðamálastofu um tvær þingsályktunartillögur um samgönguáætlun 2020-2024.

Ferðamálastofa gerir ekki efnislegar athugasemdir um efni þingsályktunartillagnanna en vill leggja áherslu á að við gerð nýrrar Samgönguáætlunar verði horft til áfangastaðaáætlana sem unnar hafa verið fyrir hvert og eitt landssvæði í samvinnu við markaðsstofur landshlutanna sem fara með verkefnisstjórn áætlanagerðar á sínum svæðum (sjá skiptinguna á korti hér fyrir neðan).

Áfangastaðaáætlun er sameiginleg stefnuýfirlýsing sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma, skilgreina hlutverk hagsmunaaðila, tiltaka beinar aðgerðir sem hver og einn hagsmunaaðili ber ábyrgð á og hvaða bjargir/auðlindir þeir hyggjast nýta við þá vinnu.

Við gerð áfangastaðaáætlana er mikil áhersla lögð á samtal og samvinnu við heimamenn þannig að tryggt sé eins og frekast er kostur að áætlarnar lýsi vilja heimamanna til þess hvernig ferðaþjónusta skuli þróast og eins að setja henni mörk um hvernig hún skuli ekki þróast.

Um er að ræða heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis.

Mikilvægt er að hafa í huga að áfangastaðaáætlun tekur á skipulagi, þróun og markaðssetningu svæðis auk þess sem að skilgreindar eru þær leiðir sem fyrirhugað er að fara við stýringu á hinum ýmsu ferlum sem ráða þróun atvinnugreinarinnar innan svæðisins: uppbyggingu, efnahagslegu vægi, þjónustubáttum o.s.frv.

Með hverri áætlun er sett fram aðgerðaráætlun með markmiðum og ábyrgðaraðilum

Svæðisskipting:

- Reykjavík
- Vesturland
- Vestfirðir
- Norðurland
- Austurland
- Suðurland
- Reykjanes



*Fulltrúar Ferðamálastofu eru reiðubúnir að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að fylgja eftir umsögn sinni, kynna verkefni áfangastaðáætlana og svara þeim spurningum sem kunna að vakna.*

Virðingarfyllst,  
F.h. Ferðamálastofu

---

Elías Bj. Gíslason, forstm. gæða- og þróunarsviðs